

1. maí 2023 í Dalabyggð og Reykhólum

Kæru sveitungar og nærsveitarmenn

Örfá orð um hver við erum en árið 2000 festum við kaup á landi í Miðdölum og erum þar enn í skógrækt og njótum náttúrunnar.

Það kom mér skemmtilega á óvart að vera beðin um að ávarpa hér 1. maí.

Mín reynsla er nokkur á þessu sviði m.a. tala við nokkur þúsund á Ingólfstorgi og í kaffi á eftir í Sókn, seinna Eflingu.

En hver er staða fólks á vinnumarkaði núna og okkar hinna sem hafa dregið sig í hlé sökum aldurs?

Að hafa atvinnu er eitt af grunngildum mannlegrar reisnar. Við erum almennt heppin hvað mikil atvinna er í boði víðast um landið. Það er hinsvegar mismunun á því að hálaunastörfin rata lítið út á land. Þetta skapar mikið ójafnrétti því einmitt fólk á landsbyggðinni þarf að kosta oft börn í nám og eða sækja vinnu langt að svo og margt fleira eins og heilbrigðisþjónustu, innkaup og samskipti.

Nú er mikið talað um nýsköpun og má finna að hér í Dölunum er hreyfing til að auka framboð á svo mörgu, ræktun á mörgum tegundum grænmetis gæti átt hér heima af því hef ég reynslu við eigum okkar grænmeti fram í október ár hvert. Svo er ferðaþjónustan mjög vaxandi. Hún er hinsvegar töluvert að sveiflast en aukning á akstri í gegnum Dali og Reykhólasveit hefur margfaldast úr nokkur hundruð bílum á dag og yfir 1200 margar helgar frá því við festum hér land árið 2000. Nú eru það vegirnir sem ekki standa undir þeirri aukningu og mikilli aukningu fiskflutingabíla að vestan.

Bætt slitlag verður að koma til.

Að upplifa mannlíf í sveit er margþætt. Dásamlegt að vera þátttakandi og hafa þorablót og allnokkrir viðburðir hafa dregið okkur til sín. Það kemur alltaf eitthvað nýtt á hverju ári.

En það sem ber hæst er friðurinn, kyrrðin, náttúran og vinir í nágrenninu.

Umhverfismál eru umsvifamikil um þessar mundir og ekki að ástæðulausu; stórar áskoranir eru um allan heim. En árásir á bændur um að gasmenga með dýrunum er svo orðum aukin fyrir litla Ísland. Þegar Pólland fær að vera óáreitt með kolanámur þá erum við eins og nýfallinn snjór.

En umhverfismálin þarf samt að taka alvarlega og skiptir þá mestu að rannsóknir á stöðu hafs og lands séu réttar svo fólk geti tekið þátt í umhverfisvernd. Skýlaust dæmi er að farið var af stað með votlendissjóð og allir skurðir settir á svartan lista. Með betri rannsókn á vegum nemenda á Hvanneyri kom annað í ljós eða mun minni losun en farið var af stað með í byrjun.

Virtar vefsíður geta leitt okkur áfram. Þannig má t.d. sjá á **Global Footprint Network** sem reiknar út hver staða jarðarinnar er miðað við neyslumynstur.

Þar má t.d. sjá að **Ofneysludögum** hefur fjölgað ár frá ári vítt og breytt um jörðina. Ef tekin eru nágrannalönd þá er ofneysla Dana þannig að þeir þurfa 4 jarðir/ jörð til hafa undan í framleiðslu fyrir þau. Danir voru búnir með sinn hluta 28. mars og Svíar 3. apríl. Í þessu máli liggja fyrir alvöru rannsóknir m.a. við Háskólann í Kaupmannahöfn í deild um Umhverfisrannsóknir . **Quatar** er þó enn verr sett eða komið með fullt hús í febrúar.

Umhverfismálin eru fyrir börnin okkar og barnabörn því við viljum gefa þeim jörðina í góðu standi.!

Það er því alvara á ferðum.

Allir þurfa að leggja sitt af mörkum. Kaupmenn líka. Hilluraðir af óþarfa eru sterkt dæmi um ruglið. Hillumetrar af orkudrykkjum og allskonar vörum í fermetravís sem eru margar hverjar óþarfar og enda í ruslagámum þ.e. runnar út á tíma. Frískápar í Reykjavík eru oft fullir af vörum á síðasta söludegi og er biðröð eftir slíku. Þó er hræðsla fólks við síðasta sölundag mikil og fólk er ekki að skoða hvort maturinn er O.K. eins og mæður og ömmur okkar gerðu.

Kjaramálin í dag:

Sú sorglega þróun að fólk sem semur um bætt kjör fyrir þá sem eru á lægstu laununum skuli ávallt fá allt í bakið þar sem prósentuhækkanir á mun hærra laun geta numið tugum þúsunda. Á einhvern hátt er komin mikil skekkja í þessi mál og lítið til baka í reynslu við Þjóðarsátt þá hefur aldrei verið hægt að ná niður verðbólgu með háum hækkunum sem fara út í verðlagið. Sjálftaka hárra launa er líka fólki til skammar sem stundar slíkt og eykur ójöfnuð.

EN. Samstillt átak okkar allra um að versla íslenskar vörur og allan mat getur styrkt stöðu fjármálanna og dregið úr viðskiptahalla. Það sannaðist í þau skipti sem við fórum í **Íslenskt Já takk** hér á árunum. Gera þarf líka þjóðarsátt um að fólki sé ekki mismunað eftir búsetu þar sem kostnaður fólks verður óhóflegur við að sækja vinnu, mennta börnin sín og sækja læknis- og endurhæfingarpjónustu.

Gæta þarf líka sérstaklega að þeim hópi eldra fólks sem býr við minnstu eftirlaunin og hreinlega býr við fátækt.

Samþykkingum ekki að fólk búi við fátækt

Að lokum þetta. Það er magnað að fá að vera skógarbóndi á efri árum í blómlegri sveit sem á mikið inni í samfélagslegum skilningi. Að vera bóndi á að vera eins og heiðursmerki að fá að rækta jörðina og sjá um að fólk fái mat á diskinn sinn. **Að vera hluti af slíkri heild er mikill heiður.**